

139. löggjafarþing 2011.  
2. febrúar 2011

### Álit

Þskj. 408 — 337. mál.

Um þált. um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða

### Frá Íslandsdeild þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál.

Með erindi dagsettu 20. janúar 2011 óskaði formaður utanríkismálanefndar Alþingis eftir umsögn Íslandsdeildar þingmannaráðstefnunnar um norðurskautsmál um tillögu að þingsályktun um stefnu Íslands í málefnum norðurslóða. Íslandsdeild hefur fjallað um málið.

Málefni norðurslóða hafa á undanförmum árum fengið aukið vægi í alþjóðlegri umræðu, m.a. vegna afleiðinga loftslagsbreytinga. Hlýnun loftslags hefur m.a. gert það að verkum að aðgangur að náttúruauðlindum eins og olíu og gasi, málmum og fiskstofnum hefur batnað. Þá gætu nýjar siglingaleiðir verið við það að opnast. Samþykkt stefna í málefnum norðurslóða getur orðið grundvöllur almennrar og upplýstrar umræðu hér á landi um svæðið og þau mikilvægu viðfangsefni sem þar er við að glíma.

Meginviðfangsefni þingmannanefndar um norðurskautsmál er að skipuleggja þingmannaráðstefnu um norðurskautsmál sem haldin er annað hvert ár og fylgja eftir samþykktum hennar sem og að fylgjast grannt með störfum Norðurskautsráðsins. Þjóðþing Bandaríkjanna, Kanada, Rússlands og Norðurlandanna fimm eiga fulltrúa í nefndinni og auk þess á Evrópuþingið fastan fulltrúa. Í samstarfinu er lögð áhersla á verkefni er lúta að sjálfbærri þróun og umhverfismálum. Undanfarin ár hefur einnig verið lögð sérstök áhersla á varðveislu menningararfleifðar og lífshátta frumbyggja landsvæðin við norðurskaut, sem og aukna efnahagslega og félagslega velferð íbúa norðursins. Einnig hefur orkuöryggi og nýting orkuauðlinda á sjálfbæran og umhverfisvænan hátt hlotið aukna athygli nefndarinnar. Þá hefur þingmannanefndin á undanförmum árum lagt sérstakan metnað í að hafa frumkvæði að mismunandi verkefnum sem hægt er að leggja fyrir Norðurskautsráðið til framkvæmda.

Íslandsdeild fagnar sérstaklega þeirri áherslu sem fram kemur í 3. tölulið í tillögu að nýrri stefnu Íslands í málefnum norðurslóða, að efla og styrkja Norðurskautsráðið sem mikilvægsta samráðsvettvanginn um málefni norðurslóða og stuðla að því að alþjóðlegar ákvarðanir er varða svæðið séu teknar þar. Í starfi Íslandsdeildar hefur rík áhersla verið lögð á það að málefni norðurskautsins séu rædd á vettvangi Norðurskautsráðsins. Íslandsdeild hefur í því sambandi gagnrýnt harðlega fundi fimm strandríkja á norðurskautssvæðinu þar sem málefni norðurskautsins hafa verið rædd án þess að öllum átta aðildarríkjum Norðurskautsráðsins auk fulltrúa frumbyggja sé boðið til fundarins. Slíkir fundir séu Norðurskautsráðinu ekki til framdráttar.

Á níundu þingmannaráðstefnu nefndarinnar sem haldin var í Brussel í september 2010 voru helstu þemu á dagskrá ráðstefnunnar sjálfbær nýting lífandi auðlinda á norðurskautssvæðinu, samvinna á sviði menntunar og rannsókna auk eftirfylgni við alþjóðlegt heimskaутаár og loftslagsbreytingar og afleiðingar minnkandi íss á norðurskautssvæðinu. Á ráðstefnunni var m.a. lagt til að skipulagður verði sameiginlegur fundur með þeim ráðherrum sem bera ábyrgð á rannsóknum á svæðinu og ráðherrum þeirra landa sem tóku þátt í rannsóknum á Alþjóðaheimskaутаárinu í tengslum við ráðstefnu um Alþjóðaheimskaутаárið sem fer fram í Montreal í Kanada 22.-27. apríl 2012. Vísindamenn frá yfir 60 löndum tóku þátt í rannsóknum alþjóðaársins með það að markmiði að leiða til stórataks í rannsóknum og athugunum á heimskautasvæðum jarðar. Þá var lögð áhersla á að bætahag íbúa svæðisins og það yrði haft að leiðarljósi við frekari rannsóknir á svæðinu.

Samþykkt var ráðstefnuyfirlýsing sem að hluta til er beint til ríkisstjórna á norðurskautssvæðinu, Norðurskautsráðsins og stofnana Evrópusambandsins. Þar er m.a. kallað eftir samkomulagi um leitar- og björgunarmál til að tryggja viðeigandi viðbrögð við hugsanlegum slysum í kjölfar opunar nýrra siglingaleiða og betra aðgengi að niðurstöðum rannsókna frá Alþjóðaheimskautaárinu. Enn fremur var kallað eftir aukinni viðleitni til að draga úr loftslagsbreytingum og afleiðingum þeirra fyrir íbúa norðurskautsins. Íslandsdeild lagði m.a. áherslu á stuðning við frumkvæði Íslands við gerð annarrar vísindaskýrslu um loftslagsbreytingar á norðurskautssvæðinu og afleiðingar þeirra fyrir vistkerfi og mannlíf svæðisins (ACIA) árið 2014. Fyrirhugað er að skýrslan verði byggð á þeirri þekkingu sem rannsóknir Alþjóðaheimskautaársins hafa aflað um samfélög á norðurskautssvæðinu og velferð þeirra á breiðum grunni.

Íslandsdeild fagnar sérstaklega þeirri áherslu í tillögunni sem lögð er á mikilvægi öryggishagsmuna í víðu samhengi á norðurslóðum á borgaralegum forsendum. Fulltrúar Íslandsdeildar hafa í starfi sínu lagt ríka áherslu á umræðu og aukið samstarf norðurskautsríkja um öryggis- og björgunarmál á hafi í ljósi minnkandi hafíss á norðurskautssvæðinu og fyrirsjáanlegrar opunar nýrra siglingaleiða.

Íslandsdeild áréttar mikilvægi þess að vernda og styrkja rétt frumbyggja á norðurslóðum og styðja við beina aðild þeirra að ákvörðunum um málefni svæðisins. Þá ber að skoða sérstaklega aðlögun samfélaga á svæðinu í ljósi breyttra aðstæðna sem skapast með loftslagsbreytingunum með áherslu á lífsskilyrði, heilsufar íbúa norðurskautsins og samgöngur. Enn fremur fagnar Íslandsdeild áherslu á aukna vestnorrænna samvinnu og tekur sérstaklega undir þá áherslu sem fram kemur í 2. tölulið tillögunnar að líta beri á norðurslóðir í viðtæku samhengi, að norðurslóðir nái bæði yfir norðurskautið og þann hluta af Norður-Atlantshafssvæðinu sem er nátengdur því.

Loks tekur Íslandsdeild undir mikilvægi þess að auka þekkingu Íslendinga á málefnum norðurslóða og kynna Ísland erlendis sem vettvang fyrir fundi og ráðstefnur um norðurslóðamál. Íslandsdeild telur þó brýnt að litið sé til mikilvægis þess að auka ekki frekar á fjárhagslegar byrðar ríkisins að svo stöddu. Íslandsdeild leggur því til að utanríkismálanefnd rýni 10. tölulið þar sem mælt er til þess að á Íslandi verði komið á fót miðstöðvum, rannsóknarsetrum og menntastofnunum um norðurslóðamál. Óljóst er hver eigi að bera kostnaðinn af slíku starfi. Jafnframt þarf að skilgreina betur samstarf við önnur ríki og alþjóðastofnanir.

Íslandsdeild fagnar heilshugar þeim markmiðum sem koma fram í tillögunni og vonar að þau verði til þess að efla framlag Íslands á alþjóðavettvangi í þessum mikilvæga málaflokki.

Þórunn Sveinbjarnardóttir, varaformaður  
Kristján Þór Júlíusson  
Margrét Tryggvadóttir